

Nd.

277. Frumvarp til laga

um verzlunarlóðina í Hnífsdal í Norður-Ísafjarðarsýslu.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Takmörk verzlunarlóðarinnar í Hnífsdal eru þessi:

Að innanverðu suðurtakmörk bryggjulóðarinnar í Skeljavík, að ofan landamerki Bakkalands og þaðan stefna á Traðargil, en að utanverðu bein lína á land upp frá Skarfaskeri.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 20 19. júní 1922.